

180. aðalráðstefna

Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

október 2010

Verði ljós!
Öldungur Quentín L. Cook
í Tólfpostulasveitinni

Ég hélt upp á afmælið mitt í síðasta mánuði. Eiginkona mín, Mary, gaf mér geisladisk í afmælisgjöf, með trúarsöngvum fluttum af frægri breskri söngkonu að nafni Vera Lynn, sem yljaði mörgum um hjartað á hinum myrku dögum Síðari heimstyrjaldarinnar.

Lítill saga er um það hvers vegna eiginkona mín gaf mér þessa gjöf. Sprengjuregnið á London í september 1940 hófst daginn áður en ég fæddist.¹ Móðir mín hlustaði á frásögnina um árásina á London í útvarpinu á fæðingardeildinni og ákvað að láta mig heita eftir útvarpsþulnum, sem hét Quentín að fornafni.

Söngkonan, Vera Lynn, er nú 93ja ára. Á síðasta ári voru sum lögín sem hún söng á styrjaldarárunum endurútgefin og fóru þau þegar í stað efst á vinsældarlistann í Bretlandi. Þau ykkar sem eruð aðeins eldri muna eftir sumum lögum hennar, líkt og „The White Cliffs of Dover.“

Eitt laga hennar sem heitir „When the Lights Go on Again (All over the World)” snart mig djúpt. Tvennt kom upp í huga minn er ég hlustaði á lagið: Í fyrsta lagi þessar ljóðrænu textalínur eftir breskan stjórnmálamann: „Um Evrópu alla nú ljósin dofna. Ei aftur þau lýsa á okkar tíð;”² og í öðru lagi sprengjuárásirnar á borgir Bretlands, líkt og á London. Fyrirskipun var gefin um að slökkva öll ljós, svo erfiðara yrði fyrir sprengjuvélarnar að finna skotmörk sín. Ljós voru slökkt og gluggar huldir.

Lagið glæddi vonir um að frelsi og ljós mættu að nýju ríkja. Þau okkar sem skilja hlutverk frelsarans og ljós Krists³ í stöðugri baráttu góðs og ills, átta sig greinilega á samsvörun milli þessarar styrjaldar og siðgæðisátaka okkar tíma. Það er ljós Krists sem gerir öllu mannkyni kleift að „þekkja gott frá illu.“⁴

Það hefur aldrei reynst auðvelt að öðlast frelsi og ljós eða viðhalda því. Allt frá stríðinu á himni hafa hin illu öfl gert allt til þess að afmá sjálfræði og kæfa ljósið. Atlagan að siðgæðisreglum og trúfrelsi hefur aldrei verið heiftarlegri.

Við þurfum, sem Síðari daga heilagir, að gera okkar besta til að varðveita ljósið og verja fjölskyldur okkar og samfélög gegn atlögunum að siðgæðisvitund og trúfrelsi.

Vernda fjölskylduna

Sú viðvarandi hættu sem steðjar að fjölskyldunni eru árásir hinna illu aflu, sem virðast koma úr öllum áttum. Við verðum fyrst og fremst að leita ljóss og sannleika, og skynsamlegt væri að verja heimili okkar gegn banvænum sprengjum sem tortíma andlegum þroska og framförum. Klámið er afar öflugt vopn til gjöreyðingar siðgæðisvitundinni. Siðgæðisgildum stafar mesta hættan af því. Af sumum sjónvarpsþáttum og netsíðum stafar ekki síðri hættu. Hin illu öfl kæfa ljósið og vonina í heiminum. Hnignunin verður stöðugt meiri.⁵ Ef við útilokum ekki hið illa frá heimilum

okkar og úr lífi okkar, ætti það ekki að koma okkur á óvart þegar sprengjur tortíma siðgæðisvitundinni og raska friðnum sem fylgir réttlátu líferni. Ábyrgð okkar er að vera í heiminum, án þess að vera af heiminum.

Að auki þurfum við að auka stórlega trúarsíði á heimilinu. Vikuleg fjölskyldukvöld, dagleg bænargjörð og ritningarnám fjölskyldunnar eru nauðsynleg. Við þurfum að innleiða á heimili okkar efni sem er „dyggðugt, fagurt eða lofsvert.“⁶ Ef við gerum heimili okkar að helgum stöðum til athvarfs frá hinu illa, njótum við verndar í þeim erfiðu aðstæðum sem ritningarnar hafa sagt fyrir um.

Vernda samfélagið

Auk þess að vernda fjölskyldu okkar, þurfum við að vera ljós til verndar samfélagi okkar. Frelsarinn sagði: „Þannig lýsi ljós yðar meðal mannanna, að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar, sem er á himnum.“⁷

Okkar tíma hefur verið lýst sem „tíma gnægðar og efasemda.“⁸ Siðleysið er allsráðandi. Grundvallartrú á mátt og vald Guðs er ekki aðeins dregin í efa, heldur einnig rökkud niður. Hvernig getum við komið siðgæðisgildum á framfæri við slíkar aðstæður, þannig að það hafi áhrif á trúleysingja og áhugalausna og dragi úr stigvaxandi ofsa og illsku?

Sú spurning er gríðarlega mikilvæg. Íhugið sálarkvöl spámannsins Mormóns er hann sagði: „Hvernig gátuð þér hafnað Jesú, sem stóð með opinn faðm til að taka á móti yður!“⁹ Sálarkvöl Mormóns var ekki að ástæðulausu og sonur hans, Moróní, færði í letur „hina sorglegu frásögn af tortímingu þjóðar [sinnar].“¹⁰

Lífsreynsla mín af því að eiga samskipti við fólk víða um heim hefur stuðlað að bjartsýni hjá mér. Ég trúi því að ljós og sannleikur varðveitist á okkar tíma. Meðal allra þjóða eru fjölmargir sem tilbiðja Guð og finna til ábyrgðar gagnvart honum hvað varðar eigin breytni. Sumir trúariðkendur trúa að hnattræn trúarvakning eigi sér í raun stað.¹¹ Sem kirkjuleiðtogar höfum við komist að því í samskiptum okkar við trúarleiddtoga annarra kirkna að við eigum samhljóm hvað varðar siðferðisgildi, sem hafin eru yfir kenningarlegan mismun, og sameina okkur í þrá okkar eftir betra samfélagi.

Við höfum einnig komist að því að þorri fólks virðir enn grundvallar siðferðisgildi. En farið ekki í graf götur með það: Það er einnig til fólk sem er bæði staðráðið í að tortíma trú og hafna öllum áhrifum trúarbragða á samfélagið. Annað slæmt fólk arðrænis, hagnýtir sér og rífur niður samfélagið með eiturlyfjum, klámi, kynlífsþrælkun, mansali, ránum og óheiðarlegum viðskiptaháttum. Áhrifamáttur þessa fólks er afar mikill, jafnvel þótt sá hópur sé tiltölulega fámennur.

Það hefur alltaf staðið styr á milli trúaðra og þeirra sem vilja koma í veg fyrir að trúarbrögð og Guð séu viðurkennd opinberlega.¹² Margir leiðtogar á okkar tímum hafna siðgæðissskoðunum heimsins sem byggðar eru á gyðing/kristnum gildum. Að þeirra mati er engin siðgæðisregla hlutlaus.¹³ Þeir hafa þá skoðun að ekki ætti að setja nein siðgæðistakmörk.¹⁴

Þó virðist þorri fólks vera gott og heiðarlegt fólk. Ljós Krists, sem ekki er það sama og heilagur andi, upplýsir samvisku þess. Af ritningunum vitum við að ljós Krists er „andinn [sem] gefur sérhverjum manni ljós, sem í heiminn kemur.“¹⁵ Það ljós er gefið „vegna alls heimsins.“¹⁶ Boyd K. Packer forseti hefur kennt, að það sé „uppspretta innblásturs sem

sérhvert okkar býr yfir og á sameiginlega með öllum öðrum sem tilheyra mannkyni.¹⁷ Þess vegna munu margir viðurkenna siðgæðisgildi, jafnvel þótt þau séu byggð á trúarjátningum sem þeir eru ekki persónulega hlyntir. Við lesum í Mósía í Mormónsbók: „Ekki er algengt, að rödd þjóðarinnar æski einhvers, sem andstætt er því rétta. En algengt er, að minnihlutahópar vilji það, sem ekki er rétt.“ Mósía veitti svo þessa aðvörum: „Ef sá tími kemur, að þjóðin velur misgjörðir, þá er tími til kominn, að dómur Guðs falli yfir yður.“¹⁸

Í okkar veröld, sem stöðugt vex að ranglæti, er nauðsynlegt að þau gildi sem byggð eru á trúarbrögðum séu hluti af umræðu almennings. Siðgæðisafstaða sem byggð er á trúarlegri samvisku verður að ná til almennings á jafnræðisgrunni. Í stjórnarskrá flestra ríkja er kveðið á um að ekki skuli gera einum trúarbrögðum meira undir höfði en öðrum, en ekki ætti heldur að gera þeim of lítið undir höfði.¹⁹

Trúarbrögð eru safn ljóss, þekkingar og visku og koma samfélögum að gríðarlegu gagni þegar fylgismenn þeirra láta stjórnast af siðgæði, því þeir finna til ábyrgðar gagnvart Guði.²⁰

Tvær trúarreglur útskýra þetta sjónarmið.

Heiðarleg breytni sem á rætur sínar í ábyrgð gagnvart Guði

Þrettánda trúaratriðið hefst þannig: „Vér trúum, að vér eigum að vera heiðvirð.“
Heiðarleiki er regla sem á upptök í trúarbrögðum og er ein af meginlögmálum Guðs.

Fyrir mörgum árum, þegar ég lagði stund á lögfræði í Kaliforníu, kom til mín vinur og viðskiptavinur, sem ekki tilheyrði okkar trú, og sýndi mér ákafur bréf, sem honum hafði borist frá biskupi í nærliggjandi kirkjudeild SDH. Biskupinn tilgreindi að meðlimur, fyrrum starfsmaður viðskiptavinar míns, hefði tekið efni af vinnusvæði hans og talið sér trú um að það væri afgangsefni. En eftir að hann varð trúfastur Síðari daga heilagur og staðráðinn í að fylgja Jesú Kristi, varð honum ljóst að það sem hann hafði gert var óheiðarlegt. Með bréfinu fylgdu peningar frá manningnum fyrir verðmæti efnisins ásamt vöxtum. Það hafði mikil áhrif á þennan viðskiptavin minn að kirkjan skyldi hjálpa þessum manni, með milligöngu leiðtoga hennar, sem eru leikmenn, í tilraun hans til að ná sáttum við Guð.

Íhugið ljósið og sannleikann sem hið sameiginlega heiðarleikagildi hefur fyrir hinn gyðing/kristna heim. Íhugið áhrifin sem það hefði á samfélagið, ef æskufólkið mundi ekki svindla í skóla, hinir fullorðnu væru heiðarlegir á vinnustöðum sínum og trúfastir hjónabandssáttmála sínum. Fyrir okkur er hugtakið heiðarleiki grundvallað í líffi og kenningum frelsarans. Heiðarleiki er einnig metinn að verðleikum í mörgum öðrum trúarbrögðum og heimsbókmenntum. Ljóðskáldið Robert Burns, sagði: „Heiðarlegur maður er göfugasta sköpun Guðs.“²¹ Í næstum öllum tilvikum finnur trúað fólk til ábyrgðar gagnvart Guði um að vera heiðarlegt. Það var ástæða þess að maðurinn frá Kaliforníu iðraðist af fyrri óheiðarleika.

Í upphafsraðu síðasta árs greindi Clayton Christensen, sem er prófessor í Harvard og kirkjuleiðtogi, frá sönnum atburði er snerti starfsfélaga hans og vin frá öðru landi, sem lagt hafði stund á nám í lýðræðisstjórnun. Þessi vinur hans undraðist hve mikilvæg trúarbrögð eru í lýðræði. Hann benti á að í samfélagi þar sem borgurunum er kennt frá unga aldri að finna til ábyrgðar gagnvart Guði, hvað varðar heiðarleika og ráðvendni,

munu þeir hlíta verklaginu og reglunum sem virkja hinar lýðræðislegu hugsjónir, þótt þær séu ólögbundnar. Í þeim samfélögum þar sem það er ekki gert, er aldrei nóg af lögreglumönnum til að knýja fram heiðarlega breytni.²²

Siðgæðisgildi sem varða heiðarleika geta vissulega gegnt mikilvægu hlutverki í því að koma á ljósi og sannleika og bæta samfélög og ættu að vera metin að verðleikum af þeim sem ekki trúa á Jesú Krist.

Koma fram við öll börn Guðs sem bræður og systur

Annað dæmi um hvernig trúarbrögð eru samfélögum til farsældar og veita ljósi í heiminn, er það hlutverk þeirra, að koma fram við öll börn Guðs sem bræður og systur.

Margar trúarstofnanir hafa á síðustu tveimur öldum verið í fararbroddi við að hjálpa og bjarga þeim sem búa við harðneskjulegar aðstæður, sökum þess að þær trúa að allir menn séu skapaðir í mynd og líkingu Guðs.²³ William Wilberforce, hinn mikli stjórnmalaskörungur, sem átti sinn þátt í að uppræta þrælahald í Stóra-Bretlandi, er tilvalið dæmi.²⁴ Hinn hjartnæmi sálmur Undraverð náð (Amazing Grace), og hin innblásna kvikmynd með sama nafni, lýsa andrúmsloftinu sem ríkti snemma á átjándu öldinni og hetjudáð hans. Óþreytandi tilraunir Wilberforce voru meðal þeirra fyrstu sem gerðar voru til að útrýma þessari þjakandi og harðneskjulegu iðju. Í þeim tilraunum sínum reyndi hann, ásamt fleiri leiðtogum, að endurvekja siðgæði almennings. Hann trúði að menntun og stjórnun ættu að byggjast á siðgæði.²⁵ „Hann lifði fyrir þessa sýn um siðbót og andlegar framfarir, hvort sem það var að verja hjónabandið sem stofnun, vinna gegn þrælasölu eða verja hvíldardaginn af eindregni.“²⁶ Af mikilli eljusemi átti hann sinn þátt í að virkja leiðtoga siðgæðis- og félagsmála í þjóðarátaki gegn löstum og ódyggð.²⁷

Á fyrri tíð kirkjunnar var þorri meðlima á móti þrælahaldi.²⁸ Það, ásamt trúarskoðunum þeirra, átti stóran þátt í þeim fjandskap og ofbeldi sem þeir urðu fyrir, sem náðu hámarki með útrýmingarboðinu sem Boggs ríkisstjóri gaf út í Missouri.²⁹ Árið 1833 hlaut Joseph Smith opinberun sem sagði: „[Ekki er] rétt að einhver maður sé í annars ánauð.“³⁰ Skuldbinding okkar um að viðhalda trúfrelsi og koma fram við alla menn sem syni og dætur Guðs er þungamiðja kenningar okkar.

Þetta eru aðeins tvö dæmi um hvernig gildi byggð á trú verja reglur sem stórum blessa samfélög. Þau eru miklu fleiri. Við ættum bæði að vera þátttakendur í og styðja þá sem búa yfir ráðvendni og siðferðispreki til að endurvekja siðgæðisgildi öllu samfélaginu til heilla.

Ég tek skýrt fram að allar raddir þurfa að heyrast á opinberum vettvangi. Hvorki ætti að þagga niður í röddum trúaðra, né trúleysingja. Við ættum heldur ekki að vænta þess að skoðanir okkar falli sjálfkrafa í góðan jarðveg eða að þær verði hafðar í fyrirrúmi, sökum þess að þær eiga rætur í trúarreglum. En það er líka skýrt að slíkar skoðanir og slík gildi verðskulda að vera metin að verðleikum.

Siðgæðisgrunnur kenningar okkar getur orðið heiminum ljós og sameiningarafl bæði siðgæðis og trúar á Jesú Krist. Við þurfum að vernda fjölskylduna og vera í fremstu víglínu með öllu velviljuðu fólki, í því að gera allt sem við getum til að varðveita ljós, von og siðgæði í samfélögum okkar.

Ef við bæði lifum eftir og kennum þessar reglur, erum við að fylgja Jesú Kristi, sem er

hið sanna ljós heimsins. Við getum verið afl til réttlætis við að undirbúa síðari komu Drottins okkar og frelsara, Jesú Krists. Við horfum fram til þess dásamlega dags er „söngur ómar frjálst úr hjarta og ljósin loga að nýju um jarðarhvel.“³¹ Í hinu helga nafni Jesú Krists, amen.

HEIMILDIR

1. Sjá Richard Hough og Denis Richards, *The Battle of Britain: The Greatest Air Battle of World War II* (1989), 264.
2. Ætlað Sir Edward Grey. Sjá „When the Lights Go On Again (All over the World),“ wikipedia.org.
3. Sjá Kenningu og sáttmála 88:11–13. Ljós Krists er „í öllu og gefur öllu líf, sem er lögmálið, er öllu stjórnar“ (vers 13). Til að fá dýpri skilning á ljósi Krists og muninum á ljósi Krists og heilögum anda, sjá Boyd K. Packer, „The Light of Christ,“ *Líahóna*, apríl 2005, bls. 8–14.
4. Moró 7:19.
5. Sjá Jacques Barzun, *From Dawn to Decadence: 500 Years of Western Cultural Life*, (2000), 798.
6. TA 1:13.
7. Matt 5:16.
8. Roger B. Porter, „Seek Ye First the Kingdom of God“ (ræða haldin í Cambridge háskóladeild, Cambridge-stiku, Massachusetts, 13. sept. 2009).
9. Morm 6:17.
10. Morm 8:3.
11. Sjá John Micklethwait og Adrian Wooldridge, *God Is Back: How the Global Revival of Faith Is Changing the World* (2009).
12. Sjá Diana Butler Bass, „Peace, Love and Understanding“ (yfirlit um *God Is Back*, eftir John Micklethwait og Adrian Wooldridge), *Washington Post National Weekly Edition*, 27. júl–2. ág 2009, 39.
13. Sjá David D. Kirkpatrick, „The Right Hand of the Fathers,“ *New York Times Magazine*, 20. des 2009, 27.
14. Sjá Kirkpatrick, „The Right Hand of the Fathers,“ 27. Robert P. George kennir að annaðhvort höfum við siðferðisrök og frjálst val eða siðleysi og nauðhyggju.
15. K&S 84:46.
16. K&S 84:48.

17. Boyd K. Packer, *Líahóna*, apríl 2005, bls. 8.
18. Mósía 29:26–27.
19. Sjá Margaret Somerville, „Should Religion Influence Policy?“ www.themarknews.com/articles/1535-should-religion-influence-policy.
20. Sjá Zhao Xiao, „Market Economies with Churches and Market Economies without Churches,“ 2002, www.danwei.org/business/churches_and_the_market_econom.php. Þessi kínverski hagfræðingur ríkisstjórnarinnar færir rök fyrir því að siðgæðisefling sé nauðsynleg til að koma í veg fyrir að fólk ljúgi og skaði aðra.
21. „The Cotter’s Saturday Night,“ í *Poems by Robert Burns* (1811), bls. 191.
22. Sjá Clayton M. Christensen, „The Importance of Asking the Right Questions“ (upphafsræða, Southern New Hampshire háskóli, Manchester, N.H., 16. maí 2009).
23. 1 Mós 1:26.
24. Sjá William Hague, *William Wilberforce: The Life of the Great Anti-Slave Trade Campaigner* (2007), bls. 352–56.
25. Sjá Hague, *William Wilberforce*, bls. 104–5.
26. Hague, *William Wilberforce*, bls. 513.
27. Sjá Hague, *William Wilberforce*, bls. 107–8.
28. Sjá James B. Allen og Glen M. Leonard, *The Story of the Latter-day Saints*, 2. Útg. (1992), bls. 93, 120, 202.
29. Sjá Leonard J. Arrington og Davis Bitton, *The Mormon Experience: A History of the Latter-day Saints*, 2. útg. (1992), 48–51; sjá einnig Clyde A. Milner og fleiri, *The Oxford History of the American West* (1994), bls. 362: „Proslavery settlers and politicians persecuted them mercilessly.“
30. K&S 101:79.
31. Síðasta textalínan í laginu: „When the Lights Go On Again (All over the World).“